

Ed.

687. Lög

um breyting á lögum nr. 54, 15. júní 1926, um vörutoll.

(Afgreidd frá Ed. 2. apríl).

1. gr.

Við 1. gr. 2. Orðin »nema síldartunnum og kjöttunnum og tilsniðnu efni í þær« falli niður.

Við 1. gr. 4. Í stað stafliðanna a., b. og c. komi:

- a. Af salti 1 kr. af hverri smálest.
- b. Af kolum 2 kr. af hverri smálest.
- c. Af steinoliu 15 aurar af hverjum 50 kg.

Orðin í næstsíðustu málsgr. 1. gr.: »síldartunnur, kjöttunnur og tilsniðið efni í þær, þar á meðal gjarðaefni« falli niður.

2. gr.

Lög nr. 50, 15. júní 1926, um breyting á lögum nr. 38, 27. júní 1921, um vörutoll, eru úr gildi numin.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.